

**Matsskýrsla Giljaskóla
2018-2019**



GILJASKÓLI

Yfirlit yfir skólastarfið 2018 - 2019

| | |
|--|-----------|
| INNGANGUR | 2 |
| NÁM OG KENNSLA | 3 |
| Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk 2018 og 9. bekk 2019 | 3 |
| Mat á lesfimi og lesskilningi og inn grip | 5 |
| Lesfimi | 5 |
| Aðrar lesskimanir | 6 |
| Vir k ni í námi | 7 |
| Valgreinar | 7 |
| MANNAUÐUR | 7 |
| Starfsandi og líðan starfsfólks | 7 |
| Hvar stöndum við varðandi starfsanda og líðan starfsmanna? | 7 |
| STJÓRNUN OG SKIPULAG | 8 |
| SKÓLABRAGUR | 8 |
| Líðan og heilsa nemenda | 8 |
| Skóla- og bekkjarandi | 8 |
| ÁHERSLUR SKÓLANS | 9 |
| Fyrir hvað stendur Giljaskóli? Rýnihópar starfsfólks | 9 |
| Hvað erum við ánægðust með í skólastarfinu? | 9 |
| Hvar sjáum við tækifæri til úrbóta í skólastarfinu? | 9 |
| Núvitund í Giljaskóla | 9 |
| Hvar erum við stödd? | 9 |
| Er úrbóta þörf og þá hvaða? | 9 |
| Heilsueflandi skóli | 10 |
| Hvar stöndum við og hvar viljum við standa? | 10 |
| Er úrbóta þörf og þá hvaða? | 10 |
| Uppbyggingarstefnan - uppeldi til ábyrgðar | 10 |
| Hvar stöndum við varðandi þá stefnu | 10 |
| Er úrbóta þörf og þá hverra? | 10 |
| INNRA MAT | 11 |
| LOKAORÐ | 11 |

INNGANGUR

Þessari skýrslu um skólaárið 2018-2019 er ætlað að gefa yfirlit yfir helstu matsþætti skólastarfs skólaársins. Skólastjórnendur tóku skýrsluna saman en hún byggir á niðurstöðum og mati margra aðila innan skólans.

Að þessu sinni var ekki starfandi matsnefnd við skólann og eru matsþættir því færri en ella.

Unnin hefur verið langtímaáætlun um innra mat og mun matsskýrslan byggjast á þeirri áætlun.

Við mat á skólastarfinu þetta árið er stuðst við niðurstöður úr nemendakönnunum Skólapúlsins, sem lögð er fyrir ár hvert. Þegar nýr skólastjóri tók við um miðjan maí voru tekin rýnisamtöl við alla starfsmenn skólans og veittu þau nokkuð góða innsýn í skólastarfið, líðan og hug starfsmanna gagnvart skólanum. Tilgangurinn var að með skilvirkustum hætti að hitta allt starfsfólk, heyra sýn þess á skólastarfið í Giljaskóla, hug fólks til áherslna skólans og til frekari starfsþróunar.

Skýrslan gefur yfirlit yfir starfshætti og innra mat skólans og er birt á heimasíðu. Ekki er gerð grein fyrir öllum þáttum skólastarfsins hvert ár en fjallað er um helstu áhersluþætti. Reynt er að leggja mat á sem flesta þætti og nýta það síðan í umbótaáætlun þar sem þess er þörf.

Unnin hefur verið umbótaáætlun út frá niðurstöðum þessarar vorskýrslu. Hún er einnig birt á heimasíðu skólans og verður unnið eftir henni skólaárið 2019-2020.

NÁM OG KENNSLA

Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk 2018 og 9. bekk 2019

Samræmd próf eru lögð fyrir nemendur 4. og 7. bekkjar í september og fyrir nemendur 9. bekkjar í mars. Þegar niðurstöður liggja fyrir funda stjórnendur með hlutaðeigandi kennarateymum til að rýna í niðurstöður og gera áætlun um úrbætur.

Taflan hér fyrir neðan sýnir niðurstöður samræmdra prófa í Giljaskóla skólaárið 2018 - 2019 og birtast þær í raðeinkunn. Raðeinkunn er einkunn á bilinu 1-99 og sýnir stöðu nemandans miðað við árganginn í heild. Nemandi sem fær raðeinkunnina 60 stendur sig jafnvel eða betur en 60% nemenda á landinu öllu. Í töflunni hér fyrir neðan reiknum við með að skólinn sé á pari við landið ef 25% nemenda (raðeinkunn 1-24) eru í neðsta hópnum, 50% nemenda í miðhóp (25-75) og 25% nemenda eru í efsta hópi (76-99).

| | Próf | Hluti | Raðeinkunn 1-24 | Raðeinkunn 25-75 | Raðeinkunn 76-99 |
|--------------|------------|----------------|--------------------|---------------------|---------------------|
| 4. bekkur | Íslenska | Heild | 35,3% | 52,9% | 11,8% |
| | | Lestur | 32,4% | 52,9% | 14,7% |
| | Stærðfræði | Heild | 17,1% | 48,6% | 34,3% |
| | | Reikn. og aðg. | 11,4% | 62,9% | 25,7% |
| 7. bekkur | Íslenska | Heild | 23,9% | 54,4% | 21,7% |
| | | Lestur | 30,4% | 45,6% | 23,9% |
| | Stærðfræði | Heild | 26,1% | 60,9% | 13,0% |
| | | Reikn. og aðg. | 34,8% | 47,8% | 17,4% |
| 9. bekkur | Íslenska | Heild | 15,2% | 48,5% | 36,4% |
| | | Lestur | 18,2% | 54,5% | 27,3% |
| | Stærðfræði | Heild | 5,9% | 47,1% | 47,1% |
| | | Reikn. og aðg. | 20,6% | 35,3% | 44,1% |
| Enska | Heild | 18,8% | 68,8% | 12,5% | |
| | Lestur | 31,2% | 50,0% | 18,8% | |

Í 4. bekk er töluvert misræmi milli niðurstaðna í íslensku og stærðfræði. Niðurstöður í íslensku verða að teljast lakar þar sem hlutfallslega margir, eða 35,3% nemenda raðast í lægsta hóp en aðeins um 12% nemenda raðast í efsta hóp. Niðurstöður í stærðfræði eru góðar, því 34,3% nemenda raðast í efsta hóp og aðeins 17% nemenda raðast í lægsta hóp.

Niðurstöður í íslensku í 7. bekk eru nokkuð nærri landsmeðaltali, þótt bæði hlutfallslega færri ræðist í neðsta og efsta hóp en á landsvísu. Ljóst er að lesskilningur þarfnast úrbóta, þar sem 30% nemenda

raðast þar í neðsta hóp. Í stærðfræði er mjög lágt hlutfall nemenda í efsta hópi en hlutfall nemenda í neðsta hópi er nokkurn veginn á pari við landsmeðaltal.

Framfarastuðlar nemenda milli 4. og 7. bekkjar vor 2019

| | Framfarir eru minni en almennt gerist á landsvísu. (1-2) | Framfarir eru svipaðar og almennt gerist á landsvísu. (3) | Framfarir eru meiri en almennt gerist á landsvísu. (4) | Framfarir eru talsvert meiri en almennt gerist á landsvísu. |
|------------|--|---|--|---|
| Íslenska | 15,0% | 65,0% | 12,5% | 7,5% |
| Stærðfræði | 12,9% | 79,5% | 0,0% | 7,7% |

Niðurstöður heildareinkunnar í 9. bekk í stærðfræði eru ánægjulegar, þar sem einungis 6% nemenda er með raðeinkunn undir 25 og stór hluti nemenda, eða 47,1 % er með raðeinkunn yfir 75. Í Íslensku eru niðurstöður vel ásættanlegar, en 36% nemenda eru með raðeinkunn yfir 75 og aðeins 15,2% nemenda eru með raðeinkunn undir 25. Í ensku eru niðurstöður góðar að því leyti að lægra hlutfall nemenda raðast í neðsta hóp en á landsvísu en aftur á móti raðast einungis 12,5% nemenda í efsta hópinn og langflestir, eða tæplega 70% raðast í miðhópinn.

Athygli vekur að framfarir eru minni en almennt gerist á landsvísu hjá 35,5% nemenda í Íslensku í 9. bekk. Ekki er talin ástæða til að bregðast sérstaklega við þessari stöðu því niðurstöður þessara nemenda í 7. bekk voru almennt mjög góðar.

Framfarastuðlar nemenda milli 7. og 9. bekkjar vor 2019

| | Framfarir eru minni en almennt gerist á landsvísu. (1-2) | Framfarir eru svipaðar og almennt gerist á landsvísu. (3) | Framfarir eru meiri en almennt gerist á landsvísu. (4) | Framfarir eru talsvert meiri en almennt gerist á landsvísu. |
|------------|--|---|--|---|
| Íslenska | 35,5% | 54,8% | 6,5% | 3,2% |
| Stærðfræði | 3,1% | 62,5% | 25,0% | 9,4% |

Einkunnir í öllum námsgreinum í 9. bekk voru gefnar í bókstöfum og hæfnieinkunnir eru skoðaðar og bornar saman við landsmeðaltal er staðan þessi:


| Einkunn | Íslenska | | Stærðfræði | | Enska | |
|---------|------------|--------|------------|--------|------------|--------|
| | Giljaskóli | Landið | Giljaskóli | Landið | Giljaskóli | Landið |
| A | 3,0% | 9% | 23,5% | 8,0% | 0,0% | 9,1% |
| B+ | 24,2% | 32,8% | 14,7% | 12,1% | 12,5% | 13,5% |
| B | 27,3% | 11,3% | 32,4% | 31,6% | 37,5% | 36,0% |
| C+ | 15,2% | 30,8% | 17,6% | 13,4% | 28,1% | 11,1% |
| C | 27,3% | 3,0% | 11,8% | 32,0% | 18,8% | 27,0% |
| D | 3,0% | 0,7% | 0,0% | 2,9% | 3,1% | 3,3% |

Mat á lesfimi og lesskilningi og inngrip


Lesfimi

Lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða og lestrarnákvæmni. Fjölmargar rannsóknir sýna að sterk tengsl eru milli lesfimi og lesskilnings og með því að bæta lesfimi nemenda eflist lesskilningur jafnframt.

Í myndritum hér fyrir neðan má sjá niðurstöður úr lesfimiprófum Giljaskóla og landinu öllu vorið 2019. Það er þriðja og síðasta mæling skólaársins í lesfimi.



Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Giljaskóli, maí 2019



Aðrar lesskimanir

Að hausti í fyrsta bekk er lögð fyrir stafakönnun mms. Í október er lesskimun mms fyrir fyrsta bekk lögð fyrir. Hún metur ýmsa þætti og flokkast niðurstöður í hvort nemendur lenda utan áhættu, í áhættu eitt, áhættu tvö eða óvissu. Kennarar og sérkennari fóru yfir niðurstöður. Metin var þörf fyrir sérkennslu einstaka nemenda og kennsla árgangsins skipulögð í samræmi við niðurstöðurnar. Framfarir voru metnar með lesfímiprófum í *Lesferli* og prófum í sjónrænum orðaforða og orðleysulestri. Að vori var stafakönnun mms lögð aftur fyrir. Rýnt var í allar niðurstöður með það að markmiði að fella kennsluna betur að þörfum einstaklinga og hópa innan árgangsins. Áhersla var lögð á kennslu í stöfum og hljóðum og hljóðkerfisvitund. Að vori var lagt fyrir skimunarprófið *Læsi*. Almenn viðmið um árangur er 61% og þar yfir. Foreldrar fengu í framhaldi upplýsingar um niðurstöður síns barns og leiðbeiningar um áframhaldandi vinnu heima. Öll börn sem voru undir viðmiði voru börn sem áður höfðu skimast í áhættu og voru því í sérkennslu. Henni var haldið áfram og færðist yfir á næsta skólaár.

Í öðrum bekk voru lögð fyrir lesfímipróf. Próf í sjónrænum orðaforða og orðleysulestri auk stafakönnunar voru lögð fyrir þá nemendur sem á þurftu að halda. Þeir nemendur sem þurftu á aukinni aðstoð fengu sérkennslu í lestri. Í apríl var lagt fyrir skimunarprófið *Lesmál*. Þar er aðallega verið að kanna lesskilning og réttritun. Niðurstöður voru sendar til foreldra og fengu foreldrar upplýsingar um hvernig væri hægt að vinna heima fyrir. Í skólanum var unnið með niðurstöður þar sem þeir nemendur sem fengu slaka niðurstöðu fengu sérstaka athygli og úrræði. Unnið var markvisst út frá niðurstöðum fyrri prófa þar sem nemendur fengu úrræði og kennslu út frá stöðu sinni í lestri.

Í þriðja bekk voru allir nemendur skimaðir með LOGOS prófinu. Í framhaldi voru skipulögð úrræði fyrir þá nemendur sem á þurftu að halda. Ef um verulega erfiðleika var að ræða eða framfarir voru litlar var ákveðið að full LOGOS greining færi fram. Hún fer ýmist fram við lok þriðja bekkjar eða í fjórða bekk. Í framhaldi af LOGOS greiningu eru viðeigandi úrræði skipulögð og foreldrar fá leiðbeiningar um frekari lestrarþjálfun heima.

Í sjötta bekk var skimað aftur með LOGOS prófinu. Þeir nemendur sem höfðu skimast með einhvern vanda í þriðja bekk en höfðu ekki fengið greiningu og þeir sem sýndu ekki nægar framfarir í *Lesferli* voru skimaðir. Ef um verulega erfiðleika var að ræða var ákveðið að full LOGOS greining færi fram. Hún fer ýmist fram í sjötta eða sjöunda bekk. Í framhaldi af LOGOS greiningu eru viðeigandi úrræði skipulögð og foreldrar fá leiðbeiningar um frekari lestrarþjálfun heima.

Orðarún - Mat á lesskilningi er staðlað próf fyrir nemendur í 3. - 8. bekk grunnskóla. Prófið kannar hversu vel nemendur skilja meginefni texta og átta sig á staðreyndum, einnig kannar það hversu vel nemendur geta lesið á milli línanna og þannig dregið ályktanir um þætti sem standa ekki beinlínis í textanum. Að þessu sinni liggja ekki fyrir heildarniðurstöður fyrir skólann en í framtíðinni munum við taka þær saman og vinna með þær.

Í níunda bekk eru allir nemendur skimaðir með GRP14. Þeir nemendur sem skimast með vanda fara í fulla LOGOS greiningu ef greining hefur ekki farið fram fyrr. Þeir nemendur sem áður hafa fengið greiningu og greining orðin gömul fara í endurmat í LOGOS til að staðfesta lestrarerfiðleika.

Virgni í námi

Virgni nemenda í námi er einn af matsþáttum Skólalámsins. Spurt er um ánægju af lestri og náttúrufræði, þrautseigju í námi, áhuga á stærðfræði og trú á eigin vinnubrögð og námsgetu.

Giljaskóli var marktækt yfir landsmeðaltali í þrautseigju í námi og áhuga á stærðfræði en marktækt undir í ánægju af náttúrufræði. Aðrir þættir voru á pari við landsmeðaltal.

Valgreinar

Í unglingadeild þarf hver nemandi að skila 37 kennslustundum á viku. Valgreinar eru sex kennslustundir á viku í 8. - 10. bekk og þar að auki er ein bundin vinnustund þar sem nemendur velja sér verkefni. Hver valgrein samsvarar tveimur kennslustundum á viku yfir veturinn þannig að nemendur í unglingadeild þurfa að vera í þremur greinum.

Valið er ýmist innan skólans í höndum kennara skólans eða sameiginlegt með öðrum skólum bæjarins og þá þurfa nemendur að sækja í aðra skóla.

Í vetur nýtti Giljaskóli rúmlega 200 sæti í samvalsgreinum. Einnig geta nemendur fengið metið nám í tónlistar- og myndlistarskólum og þátttöku í íþróttum eða öðru tómstundastarfi í stað valgreinar. Í vetur nýttu 72 nemendur sér þann möguleika. Svo sem undanfarin ár gátu nemendur valið sér greinar sem voru kenndar í Verkmenntaskólans á Akureyri og voru þær metnar til eininga. Þær greinar sem boðið var upp í VMA voru aðhlyning, hárið, rafið, sjónlistir og þjónusta og framleiðsla.

MANNAUÐUR

Starfsandi og líðan starfsfólks

Í rýnihópasamtölum við starfsfólk skólans var lagt mat á ákveðna þætti er lúta að starfsanda og líðan starfsfólks á vinnustað. Óskað var eftir tillögum að úrbótum og samantekt niðurstaðna rýnihópanna má sjá hér fyrir neðan.

| Hvar stöndum við varðandi starfsanda og líðan starfsmanna? | Er úrbóta þörf og þá hverra? |
|--|---|
| <ul style="list-style-type: none"> ● Sumir sátir og aðrir ekki, skipting milli gamalla og nýrra starfsmanna ● Samskiptavandi á yngsta stigi, úrvinnsla með aðkomu mannauðssviðs ● Ánægja á mið- og unglingsstigi ● Fólk hópar sig saman ● Stundum fær maður leiðinlegt viðmót ● Gæta þarf að umtali ● Góður andi í list- og verkgreinateymi ● Ekki allir skólaliðar sátir með starfsanda | <ul style="list-style-type: none"> ● Vanda samskipti ● Allir þurfa að tilheyra hópi sem þeim líður vel í ● Hópferðir t.d. á Menntakvikun ● Stofna bókaklúbb ● Nýta starfsdag í hópefli ● Auka samvinnu kennara og bókasafns ● Núvitundaræfingar góðar fyrir alla ● Félagastuðningur, læra hvert af öðru ● Gangu í málin þegar samskiptavandi kemur upp ● Skapa vettvang fyrir faglega samræðu ● Byggja upp traust ● Byggja upp lærdómssamfélag ● Meiri teymiskennsla ● Tala um hluti en ekki þagga niður ● Skoða og móta starfslýsingar ● Skoða samninga og greiðslur fyrir alþrif ● Fjölga fundum stjórnenda með ólíkum starfshópum |

STJÓRNUN OG SKIPULAG

Í rýnihópasamtölum við starfsfólk skólans komu eftirfarandi þættir fram varðandi stjórnun og skipulag:

- Skipulag á íþróttatímum. Hafa heila árganga saman í íþróttum fremur en að skipta þeim upp eins og nú ert gert. Skiptar skoðanir um núverandi fyrirkomulag.
- Finna fundartíma fyrir jafnréttisnefnd.
- Börn undirbúa foreldraviðtöl - námsmatsviðtöl.
- Skoða vinnu varðandi bókun 1.
- Nauðsynlegt að bæta aðgengi fatlaðra í list- og verkgreinarýmum
- Hafa á hreinu hverjir sitja hvaða fundi
- Bæta upplýsingaflæði og samskipti

SKÓLABRAGUR

Líðan og heilsa nemenda

Niðurstöður úr Skólapúlsi, sem lagður er fyrir nemendur í 6. - 10. bekk, gefa okkur vísbendingar um líðan nemenda í samanburði við aðra nemendur á landinu. Þeir þættir sem lagðir eru til grundvallar þessu mati snúast um sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, einelti, hreyfingu og mataræði. Fjórir matsþættir komu marktækt yfir landsmeðaltali, en það eru sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan og tíðni hreyfingar. Einnig viku þættirnir einelti og tíðni eineltis marktækt neikvætt frá landsmeðaltali (sem er jákvætt).

Skóla- og bekkjarandi

Niðurstöður úr Skólapúlsinum taka einnig til mats á skóla- og bekkjaranda. Matsþættir eru; samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka nemenda í tímum og mikilvægi heimanáms í náminu. Allir þættir voru yfir landsmeðaltali og fjórir af fimm þáttum voru marktækt yfir. Nánast engin breyting var á þessum þáttum frá árinu áður.

ÁHERSLUR SKÓLANS

Fyrir hvað stendur Giljaskóli? Rýnihópar starfsfólks

| Hvað erum við ánægðust með í skólastarfinu? | Hvar sjáum við tækifæri til úrbóta í skólastarfinu? |
|---|---|
| <ul style="list-style-type: none">● Mikil fagmennska og gott starf.● Tilbúin í þróun.● Rjóðrið fyrir krakka sem ekki rekast vel í bekk● Jóga og núvitund● Nemendum líður vel● Góður námslegur árangur● Uppbyggingarstefnan● Byrjendalæsisvinnan mjög góð● Jákvæð ímynd skólans● Stöðugleiki í starfsmannamálum● Góð sérkennsla á yngsta stigi● Gott utanumhald um lestrarþjálfun● Jákvæð þróun með Sprellifix og blöndun milli bekkja● Góður heildabragur● Öflugir kennarar● Þróun í upplýsingatækni● Góður skólabragur, starfsandi og bekkjarstjórnun● Öflug list- og verkgreinakennsla | <ul style="list-style-type: none">● Snillismiðja fyrir krakka sem ekki fara í íþróttir og sund● Tónmennta-, leiklistar og danskennslu vantar● Að minnka viðbragðstíma þegar upp koma vandamál● Hafa færri verkefni undir og gera betur● Verkefnastjóri upplýsingatækni sé inn í bekkjum á ákveðnum tímabilum● Fræðsla um mataræði● Efla vinnu við uppbyggingarstefnu og fræða nýja starfsmenn● Samræma áherslur og vinnubrögð í námsmati● Fá betri ljósritunarvél● Endurskoða sund á unglingastigi (skoða fyrirkomulag Síðuskóla)● Aukin miðlun milli kennara vegna nemendamála● Auka tengsl við foreldra um námsframvindu |

| | |
|---|--|
| <ul style="list-style-type: none"> ● Metnaður í starfsháttum ● Sérdeildin | <ul style="list-style-type: none"> ● Fylgja stefnumálum og þróunarverkefnum betur eftir ● Grænfáni? ● Athuga vinnuaðstöðu sérdeildar ● Setja skýran ramma varðandi inntöku barna í sérdeild, búa til teymi sem tekur ákvarðanir ● Endurskoða starfslýsingar og kynna í tilteknum hópum ● Bæta umgengni nemenda ● Stórbæta frímínútnagæslu ● Hafa salatbar á föstudögum |
|---|--|

Núvitund í Giljaskóla

| Hvar erum við stödd? | Er úrbóta þörf og þá hvaða? |
|---|---|
| <ul style="list-style-type: none"> ● Gæta þess að halda áfram með 8 vikna námskeiðin í 3., 5. og 8. bekk ● Hefur gengið vel í vetur nemendur kalla eftir núvitundarvinnu ● Virkar best á morgnana en líka sem uppbot ● Nemendur búa yfir aðferðum til að takast á við kvíða eða reiði | <ul style="list-style-type: none"> ● Mögulega mennta einn í viðbót og gæta þess að þetta dali ekki hjá okkur ● Tími til núvitundar á morgnana ● Hafa einn sérfræðing á hverju stigi ● Útbúa aðstöðu fyrir jóga og núvitund ● Halda áfram með jóga á unglingsstigi ● Rifja upp með starfsfólki ● Bjóða upp á endurmenntun ● Gera núvitundarvinnu sýnilegri með fréttum á heimasíðu |

Heilsueflandi skóli

| Hvar stöndum við og hvar viljum við standa? | Er úrbóta þörf og þá hvaða? |
|--|---|
| <ul style="list-style-type: none"> ● Það er enginn samfella í þessari vinnu og sjaldan fundir ● Það er engin stýring hver og einn á að vinna þetta á sinn hátt ● Það eru engin markmið ● Ætluðum okkur of mikið í byrjun ● Ættum að halda þessari vinnu áfram ● Erum föst í grunnvinnu ekkert sýnilegt í skólastarfinu ● Grunnmælingum er ekki lokið ● Gengur of hægt ● Byrja snemma á geðræktarþætti | <ul style="list-style-type: none"> ● Þurfum að forgangsraða og ákveða á hverju við byrjum ● Fá Ingibjörgu frá embætti landlæknis í heimsókn ● Auka fræðslu til foreldra varðandi nestismál ● Búa til hugmyndabanka fyrir nesti ● Hafa sýnileg veggspjöld með sykur í matvælum ● Forystuhópur sem leiðir vinnuna ● Hvetja til hreyfingar ● Fjölga hjólastatífum við skóla, sérstakt fyrir starfsfólk |

| | |
|--|---|
| | <ul style="list-style-type: none"> ● Fá tíma í íþóttasal fyrir starfsfólk að leika sér saman á vinnutíma ● Setja upp tímaás fyrir innleiðingu ● Verja tíma í starfið ● Gera minna í einu og gera það vel ● Fylgja málum eftir ● Skólinn verði hnetulaus |
|--|---|

Uppbyggingarstefnan - uppeldi til ábyrgðar

| Hvar stöndum við varðandi þá stefnu | Er úrbóta þörf og þá hverra? |
|--|---|
| <ul style="list-style-type: none"> ● Ánægja með stefnuna ● Krakkarnir kunna inn á hana ● Orðræða í skólastarfi í anda uppbyggingarstefnunnar ● Flestir gera bekkjarsáttmála og mitt og þitt hlutverk ● Stefnan ekki eins sýnileg og hún var áður ● Sumir taka þátt, aðrir gera það ekki og komast upp með það ● Almenn sátt um stefnuna ● Grunnur að góðum skólabrag | <ul style="list-style-type: none"> ● Vantar endurmenntun fyrir starfsmenn ● Styrkja nýja starfsmenn í að vinna eftir stefnunni ● Ræða stefnuna og vinnubrögð og verkfæri á stigsfundum ● Hafa fræðslu praktíska ● Þjóða upp á námskeið um bekkjarsáttmála ● Allir fáí spjöld ● Námskeið fyrir foreldra ● Kynning á fundi 1. bekkjar ● Virkja betur verkfæri sem stefnan býður upp á og eru ekki í notkun ● Árleg upprifjun - fjölbreytt upprifjun t.d. Myndbönd ● Markvissari áætlun ● Taka markvissar á hegðunarmálum með hjálp uppbyggingarstefnunnar |

INNRA MAT

Þessi matsþáttur var ekki metinn þetta skólaár.

LOKAORÐ

Þá er stuttri yfirferð um skólastarfið skólaárið 2018-2019 lokið. Þar sem þetta form innra mats er nú í uppbyggingu er skýrslan heldur efnislítil að þessu sinni. Frá og með næsta skólaári er unnið eftir nýrri langtímaáætlun um innra mat og verða matsþættir þá metnir skipulega, ýmist árlega eða með lengra millibili. Ef áhugasamir óska nánari upplýsinga um einhverja matsþætti eða skólastarfið má gjarnan leita til stjórnenda skólans.

Tilgangur innra mats skóla er ávallt sá að nýta upplýsingar sem best til að bæta skólastarfið. Samhliða gerð þessarar skýrslu var því unnin umbótaáætlun sem stjórnendur, kennarar og starfsmenn vinna eftir á komandi skólaári. Umbótaáætlun er einnig birt á heimasíðu skólans.

Í heildina var skólaárið fjölbreytilegt og skemmtilegt og birtist það m.a. í mörgum verkefnum sem skólinn tók þátt í. Gott getur verið að skoða fréttaveituna á heimasíðu okkar, giljaskoli.is. Heimasíðan er einnig tengd facebooksíðu skólans, þannig að í hvert sinn sem ný frétt kemur á fréttaveitu heimasíðunnar birtist hún sem ný færsla á síðu skólans á facebook.

Þessi samantekt er grunnur að umbótum í skólastarfinu og það er von okkar að hún nýtist skólasamfélaginu öllu vel.

Allar ábendingar, varðandi skýrsluna, heimasíðuna eða annað sem tengist skólastarfinu eru ávallt vel þegnar.

Nóvember 2019

Kristín Jóhannesdóttir, Vala Björk Stefánsdóttir og Helga Rún Traustadóttir
stjórnendur Giljaskóla